

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1444
komudagur 3.3.2003

Félagsmálanefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Borgarnes 03.03.2003

**Umsögn Félags framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa málefna fatlaðra
um Frumvarp til laga um Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins.
Þingskjal nr. 883-538. mál.**

Almenn umsögn:

Félag framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa fagnar Frumvarpi til laga um Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins og telur að það sé skref í átt til framfara.

Það er ljóst að baki Frumvarpinu liggur metnaður um aukna og bættu þjónustu Greiningarstöðvarinnar og því ber að fagna. Frumvarpið gerir ráð fyrir aukinni þjónustu við grunnskólabörn og rétt er að benda á nauðsyn þess að fötluð börn á aldrinum 10 – 12 ára fái endurmat á Greiningarstöðinni. Jafnframt verður að vera ljóst að aukin og bætt þjónusta krefst aukins fjármags til þess að það bitni ekki á þeirri þjónustu sem fyrir er í dag.

Fagna ber ákvæði í 3.gr. Frumvarpins um að frumgreining fari fram á vegum svæðisskrifstofa ofl. aðilum. Þetta er mikilvæg viðurkenning á nauðsyn ráðgjafarþjónustu svæðisskrifstofanna í þjónustu við fjölskyldur fatlaðra barna. Það er hins vegar jafnframt ljóst að til þess að geta sinnt þessu hlutverki kostar það aukið rekstrarfé sem svæðisskrifstofurnar hafa ekki í dag og því þarf að auka fjárveitingar til þeirra til þess að sinna þessu hlutverki. Það sama gildir líklega um fleiri aðila t.d. ráðgjafarþjónustu sveitarfélaganna.

Mjög mikilvæg eru ákvæði um eftirfylgd, aðstoð og ráðgjöf við samstarfsaðila. Hins vegar vantar þarna nauðsynlega ákvæði um samvinnu og samstarf við aðra aðila sem veita fjölskyldum fatlaðara þjónustu. Í Frumvarpinu eru ekki skýr skil um hvar skilin verða nákvæmlega á milli eftirfylgdar Greiningarstöðvarinnar og annarra þjónustuaðila. Góð samvinna og samstarf á milli þjónustuaðila er mikilvægara en skýrt afmörkuð skil. En það er mjög mikilvægt að sú eftirfylgd sem Greiningarstöðin hefur veitt börnum með einhverfu og fjölskyldum þeirra minnki ekki heldur eflist. Slíka eftirfylgd þyrfti að veita fleiri hópum fatlaðra barna. Samvinna og samstarf við þjónustuaðila er grundvallaratriði í allri þeirri eftirfylgd. Í Frumvarpinu þyrfti að skýra þetta enn frekar, en nú er gert.

Í Frumvarpinu segir að “Stofnunin þjónar fyrst og fremst þeim sem eru á aldrinum 0 – 18 ára”. Óleystur er vandi þeirra sem eru eldri en 18 ára og það kemur hvergi fram hvert þeir geta snúið sér. Á hverju ári koma upp mál fullorðins fólks sem þarf greiningu. Þetta fólk er á öllum aldri og býr við misjafnar aðstæður en það á sammerkt að hafa ekki fengið nauðsynlega þjónustu. Þrátt fyrir að aðilar eins og Reykjalundur hafi sinnt hluta af þessum hóp, þá verður að vera skýr stefna um greiningu þessa fólks. Þessi mál þurfa að komast í skýran farveg og það væri eðlilegast að Greiningarstöðin gegndi þar lykilhnutverki. Það er nauðsynlegt að í rekstri Greiningarstöðvarinnar sé gert ráð fyrir þjónustu við fólk á öllum aldri.

Breytingartillögur við einstaka greinar:

Eftirfarandi breytingartillögur eru lagðar fram við **4.gr.:**

4. tl. Orðist svo: “Langtímaeftirfylgd vegna þeirra einstaklinga sem búa við sjaldgæfar eða **flóknar þroskaraskanir eins og t.d. einhverfu.**“

5.tl. Breyting á fyrstu setningu : “ Faglega aðstoð, ráðgjöf og **samvinna** við samstarfsaðila.....”

Í stað setningarinnar “ Stofnunin þjónar fyrst og fremst þeim sem eru á aldrinum 0 – 18 ára, sbr. 1. gr.” komi: ” **Stofnunin þjónar fólki á öllum aldri, þó sérstaklega þeim sem eru 0 – 18 ára sbr. 1.gr.**”

Breytingartillaga við **8. gr.:**

Í lok annarar málsgreinar komi: **“og hafi samvinnu við hlutaðeigandi aðila á hverjum stað, varðandi uppbyggingu á þjónustu við fjölskyldur þessara einstaklinga .”**

Virðingarfyllt

F.h.

Félags framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra


Magnús Þorgrímsson
formaður